

**Nd.**

**350. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926 [Ritsíma- og talsímakerfi].

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Efnismálgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Lína frá Hvammstanga um Stóra-Ós, Lækjamót, Breiðabólstað að Vesturhópshólum, með hliðarlínu að Viðidalstungu. Lína frá Hvammstanga um Illugastaði að Hindisvík. Ennfremur lína frá Melstað um Urriðaá að Núpðalstungu, með hliðarlínu að Skeggjastöðum. Lína frá Efra-Hvoli um Hof og Kirkjubæ að Geldingalæk. Lína frá Þórshöfn til Gunnólfsvíkur. Lína frá Skógum að Skinnastöðum. Lína fram Bárðardal. Lína um Fnjóskadal. Lína frá Hjaltastað að Kirkjubæ. Lína frá Stóra-Kroppi að Reykholti. Lína frá Siðumúla um Bjarnastaði að Gilsbakka, með hliðarlínu að Stóra-Ási. Lína frá Hesti fram Lundarreykjadal að Fitjum í Skorradal. Lína frá Borgarnesi um Langárfoss, Smiðjuhól og Hofsstaði að Laxárholti. Lína frá Sauðárkróki um Hvamm í Laxárdal að Hrauni á Skaga. Lína frá Viðimýri um Reyki, Lýtingsstaði að Goðdölum. Lína frá Viðimýri um Frostastaði að Hofdölum. Lína frá Bildudal að Selárdal. Lína frá Torfastöðum til Geysis. Lína frá Egilsstöðum um Fossvelli að Skjöldólfsstöðum í Jökuldal. Lína frá Breiðamýri um Mískot að Skútustöðum. Lína frá Breiðamýri um Grenjadarstað að Hveravöllum. Lína frá Syðri-Tungu á Tjörneshlíð að Hallbjarnarstöðum. Lína frá Kópaskersvogi til Leirhafnar. Lína frá Garði til Kollavíkur. Lína frá Akranesi í Innri-Akraneshrepp. Lína frá Kalastadakoti um Saurbæ á Hvalfjarðarströnd að Þyrli. Lína frá Ölfusá um Alviðru af Úlfjótuvatni, með hliðarlínu að Búrfelli. Lína frá Stokkseyri að Fljótshólum, með hliðarlínu um Gaulverjabæ að Villingaholti. Lína frá Breiðdalsvík um Eydali að Höskuldsstöðum og lína frá Beruneshlíð um Berufjarðarströnd að Berufirði. Lína frá Arngerðareyri til Melgrasseyrar, frá Bolungarvík til Meiri-Bakka í Skálavík, frá Hesteyri að Sæbóli í Aðalvík, frá Sandeyri á Snæfjallaströnd um Stað í Grunnavík að Höfða í Grunnavíkurhreppi. Lína frá Bárðardal um Bröttubrekku að Dalsmynni, með hliðarálfu að Haukadal. Lína frá Staðarfelli um Skarð að Stórholti. Lína frá Breiðavík í Rauðasandshreppi að Hvallátrum.